

HAND-

BÓKIN

Lingua+

**FYRIR:**

TUNGUMÁLAKENNARA  
ÞJÁLFARA  
SJÁLFBODALIÐA

Co-funded by the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union





## LINGUA+

Innovative Language Learning within the framework of practices for socio-cultural inclusion and empathy in adult education.

2017-1-IS01-KA204-026532



# Efnisyfirlit

Kynning.....	4
<b>Kafl 1</b> .....	9
Hvernig skilgreinum við árangursríka kennslu.....	9
Hversvegna er skynsamlegt að velja Lingua+ .....	10
Hvað hefur Lingua+ uppá að bjóða .....	12
<b>Kafl 2</b> .....	13
Barfir og áskoranir í tungumálakennslu fullorðinna innflytjenda, með áherslu á fjölmenningu.....	13
2.1. Að takast á við áskoranir í kennslu markmáls .....	14
2.2. Að efla fjölmennningarlegan skilning .....	15
2.3. Þverfaglegur skilningur í kennslustofunni .....	16
2.4. Menningarvitund í námi.....	18
<b>Kafl 3</b> .....	21
Lingua+ nálgun .....	21
<b>Kafl 4</b> .....	23
Námsleiðir Lingua+ .....	23
Námsleiðir sem henta nemendum með takmarkaða lestrarkunnáttu .....	24
Námsleiðin byggir á fjölmenningu og fjölbreytni.....	26
Námsleiðin byggist á ICT.....	27
Námsleiðin byggist á þátttöku og samvinnu allra nemenda.....	28
Námsleiðin byggist á sjónminni nemanda.....	29
Námsleiðin byggir á hlustun.....	30
<b>Kafl 5</b> .....	31
Niðurstöður til umhugsunar .....	31
Tilvitnanir .....	32
Orða og hugtakalisti .....	34
Rit- og heimildaskrá .....	36

Fólksflutningar eiga sér langa sögu. Ástæðurnar eru margvislegar fyrir því að fólk flýr uppruna-land sitt. Helst má nefna stríðsástand, stjórn-mál, kúgun, trúarbrögð, fátækt o.fl. Flóttamenn og hælisleitendur hætta margir lífi sínu til þess að komast til Evrópulanda, hver og einn á sína persónulegu sögu. Sjá dagskrá ESB, ummfjöllun um flóttamannastrauminn 2015.

Þegar Erasmus Plus Lingua + verkefnið fór af stað í upphafi árs 2017 stóð Evrópa frammi fyrir hnatt-rænum flóttamannavanda sem færðist sífellt í aukana. Hvernig átti að taka á móti straumn-um, setja upp virkisvegg, taka á móti fólki með opnum örmum eða eitthvað annað þar á milli. Margir hagsmunaaðilar tóku þátt í umræðum varðandi lausn vandans m.a. stjórnámamenn, fræðimenn, menningarsinnar og almennir borg- arar. Upplausnina í evrópsku samfélagi má rekja til efnahagskreppunnar 2008 þar sem m.a. Mið- jarðarhafslöndin fóru illa út úr kreppunni. Við tók flótti fólks í leit að betra lífi. Þetta ástand leiddi af sér óróa innan Evrópuríkjanna, hryðjuverk og ótta við flóttamenn og hælisleitendur.

## Kynning


Í lok árs 2018 eru tvö ár í að gerð þessarar handbókar ljúki og að kynntar verði niðurstöður aðgerðaáætlunar Evrópusambandsins í mál-efnum flóttamanna 2020. Lögð er áhersla á að þeir sem flýja ofsóknir verði öruggir samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum og að Evrópa verði aðlaðandi og öruggur áfangastaður fyrir alla innflytjendur. Tryggja verður landamæri allra Evrópulandanna og skapa viðunandi aðstæður sem stuðla að efnahagslegri velgengni í álfunni. Mikilvægt er að efla samfélagslega samheldni og samstöðu á evrópskum vettvangi.

Ör fjölgun flóttamanna er siðferðileg kreppa og veldur neikvæðum félagslegum áhrifum, sem hafa að mestu myndast vegna ástandsins í Mið- austurlöndum, stríðs og vistfræðilegra atburða.


**Viðbrögð ESB við "flóttamannakreppunni" fjalla um:**

- Hægrisinnaða populistar, sem hafa með samstöðu, fengið sínu fram með því að ala á ótta fólks og skilningsleysi. Sem dæmi má nefna Brexit, sem kemur til með að hafa gífurleg áhrif á evrópsk stjórnsmál, þar sem unnið er út frá samræmdum aðgerðum Evrópulandanna varðandi flóttafólk í álfunni.
- Flóttamannastraumur innan Evrópu er stjórnmálalegt verkefni og hafa sum lönd tekið þeim áskorunum sem fylgja flóttamönnum á mismunandi hátt. Sumar þjóðir hafa sakað hver aðra um ósamræmi, eða þaðan af verra, þegar kemur að flóttamannavandanum sbr. ástandið í Frakklandi og á Ítalíu 2018. Þrátt fyrir að Þýskaland hafi opnað landamæri sín fyrir sýrlenskum flóttamönnum voru önnur lönd sem fóru sínar eigin leiðir. Skandinavísku löndin hleyptu aðeins inn takmörkuðum fjölda flóttamanna. Austurríki, Tékkland, Ungverjaland, Ítalía og Pólland lokuðu öll fyrir móttöku flóttamanna. Þessar þjóðir brutu þar með samning Sameinuðupjóðanna sem samþykktur var í NY september 2016.
- Flóttamannastraumurinn er hnattrænt fyrirbæri og samfélagslegur vandi. Margt gott fólk hefur lagt fram krafta sína til þess að sinna vandanum. Helst má nefna sjálfbodaliða, félagasamtök, fyrirtæki, kirkjur, einstaklinga, þjónustuaðila o.fl. En því miður eru hópar úti samfélaginu sem sem líta á aðstoðina sem óþarfa. Skref í aðlögun nýs samfélags krefst samþættrar aðstoðar. Menntun er þar mikilvægust.
- Mannauðurinn er auðlind, ekki vandamál. Markhópurinn er mangleitur sumir hafa háskólamenntun frá sínu heimalandi en fá sjaldan tækifæri til að nýta faglega færni sína. Það er ekki oft sem viðkomandi hefur tök á að fá raunfærni sína metna og finna starf við hæfi. Skólakerfið er ekki tilbúið til þess að taka á þessum þáttum. Nokkuð hefur borið á hatursumræðu á þessum vettvangi en það eykur mjög á óöryggi þeirra sem eiga í hlut.
- Margir innflytjendur og flóttamenn hafa upplifað kynþáttafordóma og höfnun. Þeir geta ekki varist þess konar árásum þar sem þeir geta ekki tjáð sig né gert grein fyrir reynslu sinni, flóttanum og örvæntingunni sem honum fylgdi. Mikilvægt er að markhópurinn sé vel upplýstur um virkni nýja samfélagsins. Það hefst með því að að kenna og þjálfva einstaklingana, þannig að þeir fái hlutverk í tilverunni og að heimamenn sjái þá sem virka borgara en ekki ógn í annars friðsælu umhverfi.

Hér að neðan má sjá nokkur atriði varðandi stöðu mála í dag:




Það eru um 70 miljónir manna á flóttu í heiminum í dag. Helmingi þeirra hefur verið úthýst úr eigin landi. 85% flóttamanna hefst við í þróunarlöndunum, Tyrklandi, Pakistan, Íran og Úganda.




Fjöldi hælisleitenda náði hámarki 2015 -2016 og hefur aukist jafnt og þétt síðan þá. Ótti almennings við alvarlegar afleiðingar þessa mála er til staðar og uppi eru háværar raddir þar að lútandi, innan stjórn málaflokka og ríkisstjórna.

### Top 10 EU countries for asylum applications



Þýskaland hefur fengið mestan fjölda hælisumsókna, sérstaklega árið 2016. Ítalía og Grikkland hafa átt erfiitt með að taka á móti fólki á flótta vegna efnahagsástands og atvinnuleysis heima fyrir.

### Deaths in the Mediterranean



Þrátt fyrir að Miðjarðarhafið sé orðið að fjöldagröf leggur fólk enn líf sitt að veði til þess að komast frá þeim skelfilegu aðstæðum sem það hefur búið við. Nái það landi mætir það gjarnan andúð og brostnum vonum. Evrópu hefur mistekist að standa við orð sín. Yfirlýsingar er ekki nóg. Það er mannleg skylda að vernda alla þá sem eru í neyð.

**Mitt í þessari atburðarás hefur Lingua+ þróað verkefni þar sem lögð er áhersla á tungumálakennslu innflytjenda og hælisleitenda.**

Verkefnið varð að veruleika með tilstuðlan Erasmus sem fjármagnaði verkefnið og lagði til sérfræðinga í fullorðinsfræðslu sem unnu að mótun náms án aðgreiningar með áherslu á velferð markhópsins. Leiðbeiningar varðandi nám án aðgreiningar má sjá í Lingua+ Repository, Practices on social inclusion og hér í Handbókinni: Námsferlið, námsleiðir, kennsluaðferðir, nálgun, fjölbreytileika, menningarlæsi og menningararf markhópsins. Litið er á verkefnið sem tækifæri til að stuðla að félagslegum umbótum á Evrópusvæðinu.

Í ljósi fjölmenningslegs menningararfs markhópsins er mikilvægt að styðjast við margskonar kennsluaðferðir við hæfi fullorðinna, hefðbundnar sem og óhefðbundnar. Ávinningurinn nær bæði til nemenda og kennara þar sem kennslan byggist á verkefnum sem efla samskiptafærni. Notendum Lingua handbókarinnar er ætlað að lita á verkefnið með opnum huga og vera meðvituðum um að tungumálanám er fyrsta skrefið í átt að árangursríku aðlögunarferli Málfræðin kemur síðar.

Mikilvægt er að nemendur nái að samsama sig nýjum menningarheimi með félagslegri nálgun. Athuga verður fyrri þekkingu markhópsins, sem er misjöfn, þar eru nemendur sem hafa langskólanám að baki og aðrir sem hvorki skrifa né lesa sitt eigið móðurmál. Finna verður kennsluaðferðir við hæfi allra og býður verkefnið uppá margskonar skapandi leiðir þar sem hver og einn getur fundið sína leið til að kenna markmálið og komast yfir hindranir.



# Kaflí 1

## Hvernig skilgreinum við árangursríka kennslu

Ég er ung/ur og langar  
að eignast vini

Ég er undir öðum kominn

Mér finnst ég vera vanmetinn  
af heimamönnum

Ég eyði tíma mínum að mestu  
með öðrum Innflytjendum,  
frekar en heimamönnum

**Vandamál sem  
getur komið upp:**

Ég skil ekki hvernig  
vinnumarkaðurinn virkar

Mér finnst ég ekki metin/nn  
að verðleikum


Staða mín sem innflytjandi er óljós


Ég tala ekki tungumálið

Þessi staður er frábrugðinn  
því sem mér var lofað og  
ímyndaði mér

Ég sakna fjölskyldu  
minnar og heimalands


## Hvers vegna er skynsamlegt að velja **Lingua+**





Hvað hefur **Lingua+** uppá að bjóða:

### Lingua+ Handbók




15 mismunandi  
námsleiðir LPS

5 Evrópulönd hafa leitt  
LPS verkefnið

Núverandi  
starfshættir í  
tungumálakennslu

Félagslega þátttöku

Það er von okkar að þessi handbók verði gagnleg. Hún er þó enn til endurskoðunar og vonumst við til að fá endurgjöf frá lesendum svo gera megi bókina þannig aðgengilega um alla Evrópu.



## Kaflí 2

# Þarfir og áskoranir í tungumálakennslu fullorðinna innflytjenda, með áherslu á fjölmenningu

Mikilvægi þess að vera læs á mismunandi menningarheima er kennurum ljóst. Þarfir og áskoranir í tungumálakennslu fullorðinna innflytjenda eiga sér margskonar birtingamyndir. Krafa er gerð um fjölmennningarlegan skilning og virðingu á réttindum annarra. Kennslufræði markmáls hefur þróast og skilningur aukist á gildi fjölmenningar. Samþætting kennsluaðferða gefur kennurum tækifæri til að meta árangur út frá þekkingu, hæfileikum og viðhorfum. Þetta eru mikilvægir þættir í að efla fjölmennningarlegan skilning. Verkefnið er vissulega flókið en ekki ógerlegt.

Við að læra annað tungumál (L2 learning) er hér stuðst við **þvermenningarlega aðferðafræði og jákvæða sálfræði**. Þetta eru stuðningsleiðir til að mæta mismunandi þörfum markhópsins í námi. Jákvæð sálfræði byggist á að nemendur einbeiti sér að eigin styrkleikum, frekar en veikleikum. Það styrkir sjálfsmyndina til framtíðar.

## 2.1. Að takast á við áskoranir í kennslu markmáls

21. aldar fjölmennningarlegum skólastofum fylgja nýjar áskoranir fyrir tungumálakennara. Þá er ekki aðeins átt við kennsluaðferðir tungumálsins heldur verður einnig að taka tillit til félagslegrar þátttöku í pólitísku samhengi. Nemendahópurinn er fjölbreyttur auk þess sem félagsleg staða, og námsvilji nemenda er misjafn.

Nokkrar áskoranir sem kennurum ber að hafa í huga áður en kennsla hefst:

- **Nemendahópurinn er afar fjölbreyttur** Fullorðnir innflytjendur sem koma frá mismunandi menningarheimum og tala mismunandi tungumál, hafa misjafnan vitsmunalegan bakgrunn og eru þarfir þeirra og reynsla því mismunandi. Nemendum getur skort, tæknilega færni og almenna þekkingu. Einnig verður að taka tillit til tilfinningalegra þátta sem krefjast hvatningar.
- **Þematengd tungumálakennsla** leggur ekki eingöngu áherslu á orðaforða og málfræði, heldur er áhersla einnig á að nemendur verði færir um að eiga samskipti sem tengjast þeirra daglega lífi. Nemendur þurfa að takast á við margskonar félagsleg vandamál, sem dæmi má nefna, að fara til læknis, sinna fjármálum, þekkja lagalegan rétt sinn o.fl.
- **Hvaða tungumál er best að nota við kennsluna** Þar sem flestir innflytjendur hafa eingöngu móðurmál sitt til samskipta og enga reynslu af tungumálanámi er mikilvægt að hafa kennsluna opna. Að ná til allra nemenda getur verið erfið verkefni, að útskýra flókin hugtök mismunandi menningarheima.
- **Að takast á við viðkvæm mál.** Tungumálakennarar fullorðinna innflytjenda standa jafnan í miðju margskonar menningarheima þar sem hugmyndir og skoðanir stangast jafnvel á við menningarheim kennarans. Við aðstæður sem þessar er mikilvægt að sýna nemendum virðingu, þakklæti og áhuga á að kynnast þeirra menningarheimi.
- **Samfélagsleg viðmið** geta verið neikvæð en eru samt sem áður grundvöllur félagslegra samskipta. Því er mikilvægt að afla upplýsinga um félagslega stöðu nemenda og vinna þannig með þeim að þeir upplifi jákvætt viðmót og skilning. Áriðandi er að geta aðlagð sig að nýjum menningarheimi og lært nýtt tungumál. Hafa verður í huga nauðsyn þess að að skilja mismunandi félagsleg viðmið.



## 2.2. Að efla fjölmennningarlegan skilning

Skilgreiningin á hugtakinu *menning* er margþætt og nær m.a. yfir tungumál, trúarbrögð, matar og tónlistarhefðir, listir, hegðun og samskipti. Hver þjóð á sína eigin menningu. Í þessum kafla vísar hugtakið menning til þeirra hópa sem koma m.a. inn í kennslustofu og inn á vinnustaði með sína eigin menningu í farteskinu. Menningarmunur er sýnilegur í starfi, samskiptum, námi og lausnaleit. Þegar flutt er á milli menningarheima er eðlilegt að bera hefðir og venjur sínar saman við nýja menningarheiminn. Nemendur eru margir nýkomnir til nýja landsins og eru jafnvel illa áttaðir og einangra sig frá umhverfinu. Félagsleg færni og skilningur á fjölmenningu tengist, þar sem samanburðurinn á menningarheimi einstaklinganna við þann nýja er stöðugur. Fjölmennningarlegur skilningur krefst þekkingar á þjóðfélagslegri mismunur:

- Félagsleg staða einstaklinga einskorðast ekki við þjóðerni, kynþátt, kyn, trúarbrögð, aldur, fötlun, kynhneigð, efnahag, starfsheiti, stétt né stöðu.
- Menningarsaga og trú mismunandi menningarheima krefst aðlögunar í nýju landi.
- Samskiptahefðir heimalandsins og þess nýja mætast, þess verður að gæta að hvorug hefðin verði ríkjandi við að aðlaga sig nýjum venjum og viðhorfum.

Til þess að öðlast skilning á mismunandi menningarheimum krefst þess að kennarar séu opnir fyrir fjölbreytni og meðvitaðir um eigin getu við að miðla án mismununar. Einnig þurfa þeir að vera færir um að mynda félagsleg tengsl á milli ólíkra hópa og stuðla að samskiptafærni.



## 2.3. Þverfaglegur skilningur í kennslu- stofunni

Áhersla er lögð á þverfaglegan skilning við að styðja nemendur í að efla þekkingu sína. Þeir læra að meta og virða menningu annarra. Þessi þverfaglega nálgun byggist aðallega á þremur þáttum:

- **Að þekkja mismunandi menningarheima** felur í sér ákveðna færni kennara til að rannsaka og kynna sér menningarheima nemenda, sem hafa sína eigin menningarlegu sjálfsmynd.
- **Að bera saman menningarheima**, viðhorf og venjur leiðir af sér gagnkvæma virðingu.
- **Að eiga samskipti við aðra** er mikilvægt. Það felur í sér einlæga tengslamyndun sem skiptir markhópinn miklu máli.
- Mikilvægt er að allir þessir ólíku menningarhópar taki þátt í **að endurspeglu reynslu sína**. Menningarleg reynsla felur í sér að efla og þróa getu nemenda til að vinna úr reynslu sinni og eyða fordómum.



Öll samfélög byggjast á ólíkum félagslegum uppruna fólks. Mikilvægt er að hafa í huga að allir hafa einhverja hæfileika og að fjölmennningarleg kennsla snýst ekki um að breyta því hver nemandinn er, heldur að gera aðstæður skiljanlegar fyrir hann. Áður en við getum kennt einstaklingum að bera virðingu fyrir menningu annarra þurfum við að skilja og skilgreina hugtakið, fjölmennningarlegfærni.

Í fjölmennningarlegri færni felst meira en að hafa þekkingu á sögu, tungumálum o.fl. Fjölmennningarlegfærni í námi byggist m.a. á samskiptahæfni.

#### **Fjölmennningarleg færni í námi byggist á:**

- Hæfni til að nota gagnvirka upplýsingatækni
- Hæfni til að setja sig í spor annarra
- Hæfni til að vinna í fjölmennningarlegum hópi
- Hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni til að skilja hvaða áhrif menning viðkomandi hefur á aðra



## 2.4. Menningarvitund í námi

Fjölmenningarlegur skilningur felur í sér menningarímyndir og styður nauðsyn þess að festast ekki í neikvæðum staðalmyndum. Michael Byram (1997, 2012) hefur sýnt fram á mikilvægi menningarvitundar sem felst í 5 þáttum. Hverjir eru þessir þættir og hvernig má ná þeim fram í skólastofunni?

### 1. Viðhorf og gildi mótast með uppeldinu.

Nemendur eru ekki alltaf meðvitaðir um gildi uppeldis síns, og trúarbragða og hvaða áhrif það getur haft í nýjum menningarheimi; hvernig á að takast á við margskonar ákvarðanir, sem þeim þóttu áður sjálfsagðar en eru það ekki í nýju landi? Mikilvægt er að kennarar átti sig á þessum þáttum og séu reiðubúnir til að kynna sér mismunandi sjónarmið.

*Hvernig má ná þessu fram í skólastofunni?*

Þegar fjallað er um ákveðin viðfangsefni í skólastofunni verður að ganga úr skugga um að umræðan verði ekki einsleit. Þá er tilvalið að fá utanaðkomandi til þess að taka þátt. Nemendur fá tækifæri til að viðra skoðanir sínar og koma að umræðunni með opnum huga. Mikilvægt er að þátttakendur virði skoðanir annarra og spyrji spurninga sem víkka menningarvitundina.

### 2. Færni í að túlka og útskýra mismunandi menningarlega þætti með því að tengja við sína eigin menningu.

*Hvernig má ná þessu fram í skólastofunni?*

Þegar komið er í skólastofuna hafa nemendur tekið sér tíma til að rýna í eigin skoðanir, viðhorf og sjónarmið gagnvart nýjum menningarheimi með því að lesa, túlka og greina. Í framkvæmd hafa nemendur margskonar möguleika á að koma sínu á framfæri. Sem dæmi má helst nefna hlutverkaleiki, stafrænar frásagnir og sjónræna miðlun. Tekið er á álitamállum og átökum sem orsakast vegna misskilnings. Nemendur taka allir þátt í að leysa vandann t.d. með því að setja saman sögu sem endar vel.



### 3. Færni við að uppgötva og efla samskipti

Nemendur fá tækifæri til að tileinka sér nýja menningarfærni og tjáskipti.

*Hvernig má ná þessu fram í skólastofunni?*

Í skólastofunni er hlutverk kennara og leiðbeinenda að útbúa verkefni sem hvetja nemendur til að íhuga ný gildi og áhrif þeirra á daglegt líf. Nemendur uppgötva sjálfir nýjan veruleika, með aðstoð kennara og losa sig við staðalímyndir og fordóma.

#### 4. Skilgreiningin hér á þekkingu og menningu beinir sjónum að:

- mismunandi sjónarmiðum
- staðreyndum um tilveru annarra og sína eigin
- þekkingu sem er ástand þar sem einstaklingur skilur og getur hagnýtt staðreyndir í einhverjum tilgangi t.d. stuðlað að félagslegri virkni án staðalímynda og fordóma.

### Hvernig má ná þessu fram í skólastofnunni?

Í skólastofnunni er unnið með æfingar sem fela í sér hugflæði og hugkortagerð. Íhugun er mikilvæg ásamt samskiptafærni milli nemenda þar sem þeir deila upplýsingum til hvers annars varðandi heimalönd sín. Einnig geta nemendur boðið heimamönnum uppá kynningu á landi sínu, menningu og þjóð.



**5. Rík menningarvitund** er að virða eigin menningu og annarra. Því er æskilegt að nemendur hafi öðlast fjórþætta hæfni: að tengjast, samskiptafærni, hafa næga þekkingu á mismunandi menningarheimum, og koma í veg fyrir alhæfingu staðalímynda.

### Hvernig má ná þessu fram í skólastofnunni?

Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að þjálfast í að veita og meta eigin hæfileika á gagnrýnni hátt. Það er hlutverk kennarans að finna viðeigandi leiðir fyrir nemendur, sem hjálpa þeim að átta sig á mismunandi sjónarmiðum heimamanna. Margir nemendur hafa fyrirfram ákveðnar hugmyndir sem vert er að veita athygli, sbr. hvaðan koma þær og eru þær rökréttar? Nemendur igruna og spyrja.







## Kaflí 3

### Lingua+ nálgun

Hversu erfitt er að læra nýtt tungumál?

Við vitum að mörgum reynist það mjög erfitt. Margir gera ráð fyrir að læri innflytjendur ekki nýja tungumálið fljótlega eftir komu til nýja landsins þá hafi þeir setið aðgerðalausir og að ábyrgðin sé þeirra. Þetta sjónarmið vekur upp spurningar á samskiptamiðlum þar sem fjallað er um fólksflutninga. Það er kominn tími til að íhuga þessi sjónarmið út frá nýjum hugmyndum L2 námsleiðarinnar. Hún fær okkur til að hlusta og skilja mismunandi þarfir innflytjenda. Þegar kemur að því að læra nýtt tungumál verðum við að veita nemendum svigrúm til að leita svara sem endurspeglar nýja samfélagið með áherslu á frelsi, þekkingu og lýðræði.

Af hverju þurfa og vilja innflytjendur að læra tungumálið í nýju landi?  
Aðeins til að vera og lifa í nýju landi eða til þess að fá vinnu?

Til þess að nálgun námsins verði áhugaverð fyrir nemendur má nota margskonar leiðir. Mikilvægt er að vekja upp forvitni, fá nemendur til að vilja vita meira um nýja landið. Til þess má m.a. nota sögur sem lýsa hugarfari, hefðum og venjum. Það hefur reynst vel að bera sögurnar saman við menningarheim nemenda og finna hvað þessir menningarheimar eiga sameginlegt. Menning nemenda, líf þeirra, sögur og draumar, geta þrátt fyrir allt, verið áþekkir nýja landinu. Tungumálanám í nýju landi fer fram á margvíslegan hátt, með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Mikilvægast er að kennarinn aðlagi námið að þörfum hvers og eins, þannig að námið verði einstaklingsmiðað.

Nýjar áherslur í kennslu markmáls hafa komið fram, þar sem áhersla er lögð á þarfir nemenda og framvindu. Þróunin á sér ekki eingöngu stað í námi heldur er einnig lögð áhersla á þróun kennara í starfi. Kennurum er ráðlagt að fara í djúpa sjálfsskoðun og vera meðvitaðir um eigin fordóma og mat á raunverulegri getu nemenda til náms og hafa í huga af hverju nemendur eru í þessari stöðu.

Skólastofan á að vera vettvangur til þess að miðla fjölmennigarlegri þekkingu innflytjenda þar sem allir hafa sín eigin gildi og reynslu. Kennarinn kynnir tungumálið fyrir nemendum í jákvæðu umhverfi. Hann yfirfærir þekkingu sína til nemenda byggða á hlustun, framburði, orðaforða og málfræði. Með hlustun er lögð áhersla á virðingu og skilning sem auðveldar nemendum námið.

Ef nemendur hafa áhuga á að geta talað og skrifað markmálið eingöngu til að geta tekið þátt í daglegu lífi, t.d. að versla, fara til læknis og sækja þjónustu, þá ætti kennarinn að líta á það sem tækifæri til að beina kennslunni einnig í aðra áhugaverða átt, þannig að nemendur kynnist tungumálinu í viðara samhengi, t.d. með því að fara í leikhús og læra í gegnum hlutverkaleiki, sem eykur tungumálafærni til viðbótar við færni í grunnsamskiptum. Forðast skal að gera kröfu um fullkominn framburð og málfræðiþekkingu eins og gert er í almennum skólum innfæddra.

Það eru fleiri þættir sem hafa verður í huga og þar má helst nefna félagslega stöðu nemenda í nýju samfélagi. Eru nemendur virkir í samfélaginu? Eru þeir færir um að eiga samskipti? Skilningur er mikilvægur, að geta lesið í hegðun, framkomu og að þekkja hefðir og venjur nýja landsins er nauðsynlegt. Kennarar verða að hafa í huga liðan nemenda sinna. Halda þeir fast í sínar eigin hefðir, venjur og tungumál? Í sumum tilfellum er aðstoð kennara eina leiðin til tjáskipta í skólastofunni. Þess vegna er mikilvægt að kennari sé vel undirbúinn og hafi aðlagð sig félagslega að hópnum.

Mismunandi félagsleg hegðun fólks í nýja landinu er kjarni kennslunnar. Aðlögun nemenda er kjarni kennslunnar. Þega nemendur eru að aðlagast nýrri menning og nýju tungumáli halda þeir fast í sína eigin menningu og tungu. Kennslan stuðlar að sameiginlegum og menningarlegum skilningi.

Félagsleg aðlögun og tungumálakennsla haldast í hendur. Kennarar hafa kost á því að nota margskonar áhrifaríkar kennsluaðferðir, helst má nefna, myndlist, leikhús, söng, dans, ljósmyndun, kvikmyndir, fjölmiðla, menningu, söfn, matarmenningu, nánasta umhverfi, bóklestur o.fl. Það sem skiptir máli er ekki aðeins hæfileikinn til að kenna tungumál heldur verður kennarinn einnig að vera víðsýnn og opinn fyrir raunveruleika nemenda sinna. Þeir eru manneskjur í óvenjulegum aðstæðum, þar sem mannlegi þátturinn skiptir máli og stuðlar að félagslegri samheldni.



## Kaflí 4

### Námsleiðir Lingua+

Árangursrík samstaða er almennt talin lykillinn að því að hámarka möguleika löglegra fólksflutninga og ná tökum á málefnum innflytjenda innan ESB. Grunnþekking á markmáli er mikilvæg til þess að geta samhæft aðgerðir í Evrópu. Margar þessara aðgerða hafa gengið vel, eins og tungumálakennslan, en þar hefur þó vantað tengingu á milli tungumáls og félagslegrar færni ásamt almennri aðstoð við að aðlaga sig nýjum menningarheimi.

Fræðimennirnir Lorenzo Milani and Paulo Freire's settu fram kenningu varðandi tungumálakennslu, á sjöunda áratugnum. Þeir segja að tungumálakennsla eigi að vera hluti af daglegu lífi fólks, fjölskyldu, vinnustað, samfélaginu, menningu og tómstundum. Þannig öðlist markhópurinn sjálfstraust þar sem litið er á fjölbreytni sem mannauð. Skilgreina þarf tungumálakennslu út frá þvermenningarlegri aðlögun, það auðveldar kennslu þeirra sem hafa takmarkaða lestrarkunnáttu.

Að koma auga á nýjar árangursríkar námsleiðir í tungumálakennslu fullorðinna innflytjenda er markmið Lingua+ verkefnisins þar sem stefnt er að því að finna leiðir til að auðvela markhópnum að læra markmálið með nýjum aðferðum. Í þessum kafla kynnum við nýjar aðferðir við að kenna þvermenningarlegum hópum sem samanstanda af innflytjendum, flóttamönnum og hælisleitendum. Aðferðirnar eru:

- Námið er skipulagt með einstaklingsmiðaðar þarfir markhópsins og aðlögunarferli í huga, sérstaklega er tekið á málum þeirra sem hafa takmarkaða eða enga lestrarkunnáttu;
- Fjölmennningarleg kennsla byggist á að nemendur og bakgrunnur þeirra séu í fyrirrúmi við kennslu fjöltýngdra námsmanna;
- Námsleiðirnar falla að markmiðum Lingua+ og hafa verið flokkaðar í aðal- og undirþemu til þess að auðvela notkun þeirra.



## Námsleiðir sem henta nemendum með takmarkaða lestrarkunnáttu

### **Að læra tungumál með því að setja sér markmið og ná þeim (LP1)**

Bæði CLIL námið og TBL aðferðin byggja á að setja sér markmið og ná þeim. CLIL aðferðin felur í sér að aðstoða nemendur við að setja sér markmið og ná þeim. TBL aðferðin byggist á að setja sér markmið og vinna verkefni sem varpa ljósi á bein tengsl námsins við raunveruleikann.

### **Matarhefðir (LP5)**

Þessi námsleið kennir nemendum matarhefðir og venjur nýja landsins. Kennari fer með nemendum í matvöruverslun þar sem farið er yfir vöruúrval til matargerðar. Nemendur versla hráefni til þess að útbúa máltíð sem er hefðbundin í nýja landinu. Nemendur læra mörg ný orð og orðasambönd sem tengjast m.a. gönguleiðinni í verslunina, götuheitum, uppskriftum o.fl. Þetta verkefni er mikilvægur þáttur í grunnþjálfun markhópsins, sem aðlagast samfélaginu fyrr og verður hluti af heild.

### **Námsumhverfið er bæði innan og utan skólastofunnar (LP10)**

Lögð er áhersla á að nemendur læri að þekkja samfélag sitt og nánasta umhverfi. Nemendur fara m.a. á vinnustaði þar sem þeir öðlast ákveðna færni og skilning á vinnumarkaði nýja landsins.

Einnig þjálfast þeir enn frekar í notkun tungumálsins og kynnast nærumhverfi sínu betur. Nemendur læra með því að framkvæma. Kennarinn er einskonar milliliður nemenda og samfélagsins.



### **Námsleið sem byggist á bakgrunni nemenda, sem eru foreldrar á flotta (LP9)**

Lífsreynsla innflytjenda er hér til grundvallar. Nemendur fá grunnþjálfun í að fást við daglegt líf í nýja landinu. Áhersla er lögð á hvatningu í námi, nemendur tileinka sér grunnatriði tungumálsins og verða færir um að tjá sig í daglegu lífi. Nemendur læra með því að framkvæma og hvernig á að gera það, frekar en að velta fyrir sér hvað á að gera. Nemendur vinna saman að sameiginlegu markmiði. Kennari aðstoðar nemendur við að finna leiðir og sigrast á námsörðuleikum. Námsleiðin hjálpar og hvetur nemendur til þess að skilja samfélagið betur. Þeir verða sjálfstæðir, fá kjark til að blanda geði og verða hluti af heild.

### **Tungumálakennsla í gegnum listir og menningu (LP11)**

Námsleið byggir á mikilvægi menningarlæsis. Tungumálakennsla í gegnum listir og menningu er skilvirk aðferð. Gert er ráð fyrir að allir hafi einhverja hæfileika og þekkingu á menningarlegum bakgrunni sínum, sem er ómetanlegur auður. Menningarlæsi gerir nemendum kleift að takast á við menningarmun og vera opnir fyrir menningu nýja landsins. Nemendur vinna sameiginlegt verkefni í menningarlæsi og byggja verkefnið á sögu sinni, lífshlaupi og menningu sem tengir verkefnið við menningu nýja landsins. Þannig auka nemendur skilning sinn á fjölmenningu og menningarmun.





## Námsleiðir sem byggja á fjölmenningu og fjölbreytni

### **Bókaklúbbur (LP2)**

Bókaklúbbur veitir nemendum og kennara ákveðið svigrúm þar sem fjölmenningslegur nemendahópur kemur saman og deilir menningu sinni, reynslu og sögum. Sögurnar auka orðaforða og málfræðipækkingu. Kennari hvetur nemendur til þess að lesa bækur sem kennarinn velur af handahófi, og innfæddur les fyrir hópinn. Í framhaldinu velja nemendur bækur frá sínu heimalandi og lesa. Að því loknu leggur kennarinn fyrir verkefni í skapandi starfi. Nemendur ræða bækurnar og sögurnar sem þeir sögðu og heyrðu. Verkefni sem þetta veitir bæði kennurum og nemendum tækifæri til að fræðast um bakgrunn mismunandi menningarheima.

### **Að læra orðaforða markmáls út frá sínu eigin móðurmáli (LP4)**

Í þessar námsleið eru nemendur innflytjendur frá mismunandi löndum. Til þess að auðvelda þeim að fóta sig í nýjum menningarheimi og að læra nýtt tungumál er móðurmál þeirra haft til hliðsjónar. Hvað eiga tungumálin sameiginlegt? Nemendur gera litla rannsókn á því hvað tungumálin eiga sameiginlegt og kynna niðurstöður sínar. Kennarinn kemur með innlegg þar sem farið er yfir sögulegar staðreyndir varðandi samanburðinn. Í fyrstu kennslustundinni skráir kennarinn þjóðerni og tungumál nemenda. Þeir nemendur sem eru tæknilæsir eru beðnir um að fara á netið og finna tungumálatengsli þar. Kennarinn aðstoðar hina.

# Námsleiðir sem byggja á ICT (e. Information and communication technologies)

## Fjarnám sem samanstendur af tölvu - og upplýsingatækni (LP3)

Segja má að tölvu - og upplýsingatækni hafi valdið einskonar byltingu á sviði menntunnar. Margskonar samskiptaforrit hafa komið fram og eru í sífelldri þróun. Með tilkomu myndavéla og hljóðs geta nemendur og kennarar átt í samskiptum í rauntíma á netinu. Þessi aðferð hentar vel í tungumálakennslu og auðveldar nemendum að lesa, skrifa, hlusta og tala.

## Stafræn sagnagerð við að læra tungumál (LP8 )

Nemendur fá tækifæri til þess að semja og segja stafræna sögu. Frásögnin byggist á myndbandsgerð með ókeypis forriti af neti. Nemendur fá leiðbeiningar frá kennara, sem er á staðnum. Hann aðstoðar nemendur við að framkvæma verkefnið á skapandi hátt. Hver og einn velur sér viðfangsefni, þannig verða verkefni fjölbreytt og veita innsýn í margskonar mismunandi menningarheima. Þessi námsleið hvetur nemendur til þess að nýta sér tæknina í tungumálanámi.

# Námsleiðir sem byggja á þátttöku og samvinnu allra nemenda

## Fjárspjóðsleit (LP6)

Um er að ræða ratleik sem kallast, fjárspjóðsleit. Þegar leikurinn hefst hafa nemendur fengið leiðbeiningar frá kennara um fyrirkomulag leiksins. Markmiðið er að safna hlutum sem hefur verið komið fyrir í nánasta umhverfi. Nemendur vinna saman í hópum með það að markmiði að vinna leikinn. Þannig er stuðlað að því að nemendur upplifi ákveðin tengsl, séu á meðal jafningja og kynnist nærumhverfinu betur.

## Leikhús (LP7)

Að læra með því að framkvæma utan skólastofunnar. Námsleiðin byggir á leikhúsi, leiklist og leiklistaræfingum sem leikarar og leikstjórar nota í starfi. Stuðst er við leikrit, tónlist, leiki og sögur. Æfingarnar miðast við að þjálfaröddina, líkamann, hreyfingar, hlustun, samskipti og samvinnu. Nemendur eru hvattir til að taka mistökum sínum með opnum örmum og efla þannig sjálfstraustið. Einnig öðlast þeir frekari skilning á menningunni og tungumálinu.

# Námsleiðir sem byggja á sjónminni nemanda

## Sjónminni (LP12)

Að læra tungumál út frá sjónminni auðveldar nemendum að skilja ný hugtök og örva imyndunaraflíð. Að nota myndir er árangursrík leið við að muna. Nemendur fá það verkefni að búa til persónulega sjónræna tímalínu þar sem myndefnið túlkar lífshlaup þeirra. Þeim er gefinn góður tími til að vinna verkefnið og fá til þess málningu, liti, myndir, skæri, lím o.fl. Úrvinnsla verkefnisins er skapandi og táknræn fyrir þeirra líf. Í lok kennslustundarinnar eru verkin sett uppá vegg og hver og einn gerir grein fyrir tímalínu sinni. Nemendur eru mjög virkir, spyrja spurninga og orðafordi eykst verulega. Þar sem sjónminnið er í fyrirrúmi eflist einnig tungumálaþekking og ný hugsun ásamt færni í menningarläsi og samskiptaferni.

## Ljósmyndun (LP15)

Þessi námsleið er tilvalin til samskipta. Stafræn ljósmyndun krefst ekki formlegrar þekkingar. Nemendur eru fljótir að tileinka sér tæknina. Myndavélin gerir nemendum kleift að fanga augnablikið á skilvirkan- og listrænan hátt, sem leiðir að beinum sjónrænum samskiptum. Við framkvæmd námsleiðarinnar er hámarksfjöldi nemenda ásamt kennara 14. Hver og einn hefur aðgang að myndavél og fær stutta kynningu á ljósmyndun. Verkefnið er saga í myndum þar sem sjálfsmynd og menning er í fyrirrúmi ásamt tengslum við samfélagið. Kennari veitir nemendum endurgjöf þegar sagan er sögð, það leiðir til árangurs. Tungumálaþekking eykst, sjálfsmyndin styrkist og nemendur öðlast frekari færni í samskiptum.

# Námsleiðir sem byggja á hlustun

## Hljóð, lög og náttúran (LP13)

Dogme aðferðafræðin er höfð til hliðsjónar þar sem kennslan er óhefðbundin án útgefna námsbóka. Nemendur læra orð, setningar og málvenjur með því að hlusta. Aðferðin er í raun þjálfun í samskiptum þar sem nemendur spyrja spurninga og afla sér þekkingar. Námsleiðin í framkvæmd byggist á vettvangsferðum á listasöfn, bókasöfn, tónleika o.fl. Nemendur fara úti náttúruna, skoða gróður, dýralíf og hlusta á fuglasöng. Nemendur fá það verkefni að skapa listaverk úr náttúrulegum efnivið sem þeir finna í náttúrunni: lauf, steina, blóm o.fl. Einnig fara nemendur með ljóð á sínu móðurmáli og kynna þjóðlagatónlist heimalandsins.

## Ýmiskonar hlustunaraðferðir brúa bilið milli tungumálanáms og samskiptafærni (LP14)

Hlustun og ýmiskonar hlustunar aðferðir er meginviðfangsefni námsleiðarinnar, þar sem nemendur hlusta á sjálfa sig og aðra. Einnig hlusta nemendur á tónlist og semja. Námið er ætlað nemendum á öllum stigum markmálsins, ásamt þeim sem hafa litla eða enga lestrarkunnáttu. Kennslan í framkvæmd felur í sér að hlusta og muna eitt orð sem veitir innblástur. Nemendur setja orðið fram á sínu móðurmáli og kennarinn gerir þeim grein fyrir því að öll orð eru tekin gild. Nemendur eru beðnir um að koma sér vel fyrir í stól, vera beinir í baki, loka augunum og hlusta á tónlistina. Að því loknu gera nemendur grein fyrir áhrifum sínum og upplifa nýjan samskiptamáta sem hvetur til þátttöku í listum og skapandi starfi.

## Kaflí 5

# Niðurstöður til umhugsunar

Alda flóttamanna hefur riðið yfir Evrópu frá og með árinu 2014. Þetta ástand hefur valdið griðarlegum þrýstingi á Evrópulöndin til að samræma aðgerðir við móttöku fólks á flótta. Löndunum bera að veita þeim skjól og mæta grunnþörfum þeirra við að fóta sig í nýrri tilveru. Þar vegur kennsla markmálsins þungt og hefur verið sett á oddinn í þessu verkefni. Tungumálakennurum sem kenna markmál gefst nú tækifæri til að taka þátt í þróun nýstárlegra kennsluáðferða, sem byggjast á hugmyndafræðilegum og menningarlegum kenningum. Hefðbundnar kennsluáðferðir hafa lagt áherslu á málfræði og orðaforða, sú áhersla nægir ekki ein og sér til að mæta brýnni þörf markhópsins á skilvirku tungumálanámi.

Lingua verkefnið veitir innsýn í eðli kennslu markmáls. Settar hafa verið fram ýmsar kennsluáðferðir sem auðvelda nemendum og kennurum námið. Námsleiðirnar eru skemmtilegar, skapandi og lærdómsrík reynsla. Framhaldið er í anda námsleiðanna, nemendur öðlast staðbundna þekkinu þar sem kennarinn sameinar tungumál og menningarlæsi. Þar með hefur kennarinn tileinkað sér nýja kennsluáðferðir og fengið ný áhöld til að vinna með í kennslunni: TBL (e. Task based learning) verkefnavinna og markmið, CLIL (e. Content language integrated learning) setja sér markmið og ná þeim, CBI (e. Content-based instruction) þátttaka af heilum hug, TPRS (e. Teaching proficiency through reading and storytelling) vettvangsferðir og TPR (e. Total physical response) lestur og sögur. Þetta ferli hefur jákvæð áhrif á markhópinn og auðveldar honum við að aðlagast samfélaginu.

Með hliðsjón af framanagreindum atriðum unnu samstarfsaðilar að gerð kennslufræðilegrar námsleiðar sem byggist á TBL og CLIL. Námsleiðirnar eru sveigjanlegar og gefa kennurum og nemendum svigrúm til þess að aðlagast. Möguleikarnir eru óendanlegir. Það sem þarf er hugmyndaflug kennara og frjó skapandi hugsun.

Lingua+ námsleiðirnar hafa verið reyndar sem tilraunaverkefni í þáttökulöndunum. Komið hefur í ljós að þessar mismunandi kennsluáðferðir geti haft veruleg áhrif á það hvernig nemendur læra að skilja markmálið. Sem dæmi má nefna LP4 verkefnið þar sem lögð er áhersla á

að nemendur læri markmálið út frá móðurmáli sínu. Verkefnið var unnið á Kýpur og var markmiðið að kenna nemendum grísku. Nemendur voru fengnir til að finna orð á sínu móðurmáli, sem voru eins á grísku. Í lok verkefnisins var orðafjöldinn gífurlegur, sem kom öllum á óvart. Við þessa uppgötvun urðu nemendur jákvæðari og viðhorf þeirra til tungumálanáms breyttist.

Ofangreind reynsla staðfestir að sjálfstraust nemenda gegnir mikilvægu hlutverki í tungumálanámi. Tungumálakennarinn getur aukið sjálfstraust nemenda í gegnum kennsluna. Nemendur í sumum tilfellum niðurbrotnir flóttamenn sem hafa mætt kynþáttafordómum og fyrirlitningu af heimamönnum. Margir nemendur njóta þess að hitta aðra nemendur í skólastofunni, sem þeir líta á sem griðarstað. Þar eru þeir á meðal jafningja, deila sögu sinni, tilheyra hópi, upplifa vellíðan og öryggi. Námið veitir nemendum einnig tækifæri til að kynnast heimamönnum og átta sig á að það eru ekki allir á móti flóttamönnum.

Annarskonar hindranir geta komið í veg fyrir að flóttamenn vilji læra markmálið þar sem þeir óska sér að fara á annan áfangastað, en biðin getur verið löng. Meirihluti flóttamanna kemur til Grikklands, Kýpur og Ítalíu á leið sinni til Norður Evrópu. Tungumálakennarar verða að finna lausnir og vekja áhuga markhópsins á að læra tungumálið. Kennarar geta unnið út frá margskonar námsleiðum og lagt áherslu á aðra hæfileika nemenda, en tungumálanám. Með réttum áherslum finna nemendur tilgang með náminu. Kennari getur gert nemendum ljóst að margt er sameiginlegt með öllum Evrópulöndunum, td. borgaraleg réttindi, menning, listir, staðar- og fjarnám sem nýtist markhópnunum í hvaða Evrópulandi sem er.

Sé litið til þessara aðstæðna er mikilvægt að bregðast við sem fyrst og veita kennurum og nemendum stuðning og þjálfun í að taka nýjum áskorunum Lingua+ verkefnið bauð uppá slíka þjálfun í apríl 2019 á Kýpur. Tungumálakennarar fengu þar tækifæri til að afla sér upplýsinga um skilvirkar námsleiðir Lingua+. Kennarar deildu reynslu sinni og komu á samskiptaneti ætlað kennurum og nemendum. Til að taka þátt í þessu skapandi samstarfi þarf að deila kennslufræðilegri reynslu af því að kenna markmál.



## Tilvitnanir

"Það er mikilvægt að átta sig á og skilja fjölbreytileikann innan og utan skólakerfisins.

Möguleikar til náms eru endalausir. Við verðum að líta á fjölbreytnina sem óþrjótandi auðlind, það mun gagnast okkur öllum."

### **Martina Kurowski**

*Faculty of Education, Menntamálaráðuneyti, Menntasvið, Kennari*

"Það er mikilvægt að skilja og virða margskonar viðhorf sem hafa áhrif á þær ákvarðanir sem við tökum í daglegu lífi. Til þess að ná árangri í kennslu markhóps er mikilvægt að kennari sé meðvitaður um sína eigin menningarlegu sjálfsmynd."

### **Marek Lollok**

*Faculty of Education, Menntasvið, Félagssvísindadeild, Kennari*

"Kennsluáðferðir okkar byggjast á að skilja og fagna fjölbreytileikanum ásamt þeim áskorunum sem honum fylgja."

### **Anna Neoralová**

*PELICAN, Tékkneskur tungumálakennari*

"2L námsleiðin leggur áherslu á að nemendur upplifi námið ekki sem byrði í tilverunni, heldur eru þeir hvattir til að horfa á námið sem árangursríkt tækifæri til að leita lausna á algengum vandamálum."

*Vinnustofa í Florence*

"Hlustun er hornsteinn allra lærdómsferla og samskipta."

### **Teresa Dello Monaco**

*kennari*

"Að mínu mati er einn mikilvægasti þáttur fullorðinsfræðslunar að nemendur upplifi sig sem hluti af heild og myndi vinasambönd. Samvinna er leið til árangurs."

### **Sara Scudero**

*Ítalskur kennari L2*

"Með því að mynda hópa innan skólastofunnar voru nemendur fúsir til að deila reynslu sinni og gáfu hver öðrum innsýn inni mismunandi menningarheima. Sumir komu með sælgæti frá sínu heimalandi og gafst það mjög vel."


### **Sara Scudero**

*Ítalskur kennari L2*

"Ég er rúmensk og hef búið á Sikiley Ítalíu í 15 ár og er það núverandi heimili mitt."

### **Arsinte Livia Maria**

*Þátttakandi í verkefninu á Ítalíu*





“

“Þessi námsleið byggist á að nemendur læri markmálið út frá móðurmáli sínu. Það kom mörgum á óvart að grískan var ekki eins framandi og þeir áttu von á, þar sem móðurmál nemenda var á margan hátt líkt grískunni.”

**Yianna Papatryfonos**

*grískur tungumálakennari*

---

“Fram að þessu hef ég ekki haft léttleikann í fyrirrúm við kennslu. Það er mjög örvandi og skemmtilegt og ég mun halda því áfram.”

**Yianna Papatryfonos**

*grískur tungumálakennari*

---

“Ég elska þetta lag. Orðin komu djúpt úr sálarfylgsnum okkar. Það var auðvelt [að setja þau saman] og við deilum sömu tilfinningunum sem ná þvert yfir tungumál.”

**Bhanu Patel**

*þátttakandi í Lingua+ í London*

---

”

# Orða og hugtakalisti

- **Fullorðinsfræðsla** Hugtakið fullorðinsfræðsla er víðtækt hugtak samkvæmt ályktun Evrópusambandsins frá 2011. Þar kemur m.a. fram að mikilvægt sé að virkja og styðja við fræðslu fullorðinna, sérstaklega þeirra sem hafa stutta eða enga formlega menntun.
- **Virgni** Mikilvægt er að nemendur séu virkir og sjái tilgang með náminu. Kennari verður að taka tillit til mismunandi þarfa nemenda sinna með það eitt í huga að veita þeim tækifæri til að auka færni sína og þekkingu.
- **Hópverkefni og samvinna** Kjörin leið til að leggja grunn að góðri samvinnu. Nemendur fá úthlutað verkefnum þar sem allir fá hlutverk, mynda traust og vinna að sama markmiði.
- **Menning** Skilgreind sem mismunandi hefðir venjur og trúarbrögð.
- **Menningarvitund** Skilgreind sem ákveðin færni við að þekkja og viðurkenna mismunandi menningarheima. Hvernig menningarleg samskipti geta haft áhrif á skilning einstaklinga á tungumáli, hefðum og venjum.
- **Menningarleg sjálfsmynd** Mótast m.a. af þjóðerni, tungumáli, trúarbrögðum, kyni og viðhorfum.
- **Samskipta - og samstarfshæfileikar** Leiða til samvinnu einstaklinga á jafningjagrundvelli.
- **Lýðræðisleg hugtök** Mikilvægt er að þekkja þessi hugtök og öðlast þannig skilning á samfélaginu í heild. Dæmi m hugtök eru pólitik, félagsleg þróun ESB landanna, borgaralegum réttindi og kosningaréttur. Gildi lýðræðis móta samfélagið með virðingu fyrir fjölbreytileikanum.
- **Formlegt nám** Formlegu námi fylgir námskrá þar sem markmiðið er að nemendur afli sér þekkingar sem er síðan staðfest með námsmatsstöðlum (COE).
- **Hnattrænn ríkisborgararéttur** Snýst um að hvetja ungt fólk til að afla sér þeirrar þekkingar og færni sem krafist er til að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi þar sem allir skipta máli.
- **Námsmarkmið** Að nemendur nýti sér tæknina í námi, setji sér markmið og nái þeim með námsleiðum *Lingua+* . Námsleiðir IO4
- **Einkenni** Að vera fær um að þekkja og virða ólíka eiginleika fólks.
- **Óformlegt nám** Fer fram utan óhefðbundis skólaumhverfis. Námið byggist á að nemendur upplifi umhverfi sitt og daglegt líf sem þekkingarauka án markmiða.
- **Fjölmennningarleg færni** Felur í sér færni til að miðla, á skilvirkan hátt, til einstaklinga sem koma frá mismunandi menningarheimum.
- **Fjölmennningarleg samskipti** Byggjast á að geta starfað og átt flókin samskipti í fjölmennningarlegu umhverfi, að skilja og miðla upplýsingum í alþjóðlegu samhengi, að geta starfað og átt samskipti við ólíka menningarheima.
- **Fjölmenningarmiðlari** Einstaklingur sem hefur þekkingu á margskonar fjölmennningarlegum miðlunarleiðum og aðstoðar við samskipti ólíkra menningarsamfélaga.
- **Ómeðvitað tungumálanám** Eðlilegt ferli barna við að læra tungumál.

- **Miðpunktur kennslunnar** Sameiginleg þátttaka nemenda og kennara í náminu.
- **Námsleið LP** er röð námsleiða sem gerir nemendum kleift að læra nýtt tungumál á stuttum tíma í litlum skrefum. Þessi nálgun hentar nemendum vel við að taka á móti miklu efni í senn og standast námsmat.
- **Innflytjandi** Sá/sú sem flytur frá einum stað til annars í leit að starfi eða betra lífi.
- **Að flytjast búferlum á milli landa** Árangursríkir flutningar krefjast þekkingar á staðhættum viðtökulandsins. Hver er lagaleg staða einstaklinganna, er um að ræða flutning af fúsum og frjálsum vilja, hversu lengi er fyrirhugað að dvelja í landinu, ástæður flutnings o.fl.
- **Óformlegt nám** Námið byggist á að nemendur upplifi umhverfi sitt og daglegt líf sem þekkingarauka án markmiða.
- **Jákvæð sálfræði** Fræðigrein sem byggist á heilbrigði og hamingju ásamt öllu því sem gerir daglegt líf innihaldsríkt, frekar en að beina sjónum að því sem miður fer.
- **Fjöltyngi** Evrópusambandið hefur lagt til að menntastofnanir taki tillit til fjölmenningsbreytileika með breyttu samfélagsmynstri, námslega og félagslega. Það er réttur allra að fá nám við hæfi með áherslu á fjöltyngi og fjölmenningslegt nám.
- **Flóttamaður** Hver sá sem hefur neyðst til að yfirgefa heimaland sitt vegna stríðsástands, ofsókna, ofbeldis, kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana. Það er ekki líklegt að flóttamenn eigi afturkvæmt til síns föðurlands í nánustu framtíð.
- **Samfélagslegar aðgerðir** Miða að því að markhópurinn öðlist þekkingu á markmálinu ásamt félagslegri færni í nýju landi og taki þannig þátt í samfélaginu.
- **Félagsleg þátttaka** Veitir einstaklingum ákveðin réttindi, húsnæði, atvinnu, aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun o.fl.
- **SLA** Það að læra annað tungumál til viðbótar móðurmálinu.
- **Félagsleg viðmið** Reglur samfélagsins. Sumar þeirra eru óskrifðar og teljast viðunandi í sumum samfélögum en öðrum ekki.

## Rit- og heimildaskrá

1. Byram, M. (1997). Teaching and assessing intercultural communicative competence. Bristol, UK: Multilingual Matters.
2. Byram, M. (2012). Language awareness and (critical) cultural awareness–relationships, comparisons and contrasts. *Language Awareness*, 21(1-2), 5-13.
3. Eurostat. European Statistics. <https://ec.europa.eu/eurostat>
4. Penn State. University Faculty Senate Curriculum Resources. (2011). Glossary
5. Pope, R. L., Reynolds, A. L., & Mueller, J. A. (2004). Multicultural competence in student affairs. San Francisco, CA: Jossey- Bass.
6. EU. European Commission. (2015). Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions. A European Agenda on Migration. Bruxelles: COM(2015) 240.
7. UNHCR. Operational Data Portal. <https://data2.unhcr.org/en/situations/mediterranean>
8. UNHCR. The UN Refugee Agency. <http://popstats.unhcr.org/en/overview>

**Find out more at:**

<http://linguaplusproject.eu>

<https://www.facebook.com/Lingua-117207495639359/>



Co-funded by the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.